



FLÓRGODINN

Vorpistill skólastjóra

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Vorpistill skólastjóra
- Skólaslit 2007
- Skóladagatal 2007-2008
- Breytingar á starfsliði
- Skólabyrjun 2007-2008
- Foreldraverðlaun
- Íþróttahús
- Vorferð Tröllasheima

Kæru nemendur og forráðamenn

Skólaárinu í Áslandsskóla lýkur miðvikudaginn 6. júní.

Starfið í vetur hefur verið einkar ánægjulegt enda samstarf við nemendur, forráðamenn og starfsfólk með miklum ágætum.

Nú þegar sól hækkar á lofti tekur skólalífið á sig sumarbrag. Nemendur halda í námsferðir með kennurum sínum, viðtalsdagur er þriðjudaginn 5. júní og skólaslit 6. júní. Gaman væri að sjá sem flesta forráðamenn á skólaslitum en þau er ávallt hátíðlegur tími í námsferli hvers nemanda.

Verið er að vinna í ráðningum kennara fyrir næsta skólaár. Þróun á ráðningum kennaramenntaðs fólks við störf í skólanum hefur verið nokkuð hröð. Þegar ég kom að skólanum var hlutfall kennaramenntaðra um 36%, í vetur rétt undir 100%. Er ég með þessu tölulegu staðreyndum þó alls ekki að gera lítið úr því góða fólki sem ekki hefur tilskilin réttindi en starfað hefur með miklum ágætum við Áslandsskóla.

Vorhátíð skólans var haldinn sl. laugardag og tókst vonum framar. Mikið rennsli fólks var alla hátíðardagskrána þrátt fyrir ýmsa viðburði í þjóðlífinu þennan dag. Foreldrafélagið hefur árlega gefið skólann gjafir á þessum tímamótum og nú var það veglegur hátíðarfáni sem væntanlegur er innan skamms.

Kann ég foreldrafélaginu bestu þakkir fyrir þessa veglegu gjöf.

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn á dögunum og var þar ný stjórn kjörin. Vil ég þakka Erlendi G. Arnarsyni og hans fólki vel unnin verk í þágu skólans á skólaárinu. Einnig mun nýtt foreldraráð taka til starfa og vil ég nota þetta tækifæri og þakka þeim sem þar sátu ánægjulegt og árangursríkt samstarf. Skólastarf gengur einfaldlega miklu betur með slíka eldhuga til aðstoðar.

Ég læt ljóðlínur Páls Ólafssonar verða mína sumarkveðju til nemenda, forráðamanna og starfsmanna Áslandsskóla.

*Þú klæðir allt í gull og glans,
þú glæðir allar vonir manns,
og hvar sem tárin kvika á kinn
þau kyssir geislinn þinn.
Þú fyllir dalinn fuglasöng,
nú finnast ekki dægrið löng,
og heim í sveitir sendirðu æ
úr suðri hlýjan blæ.*

Sumarkveðja
Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)

ÁSLANDSSKÓLA VERÐUR SLITIÐ MEÐ FORMLEGUM HÆTTI 6. JÚNÍ

SAMVINNA

ÁBYRGÐ

TILLITSSEMI

TRAUST

Skólaslit vor 2007

Skólaslit eru miðvikudaginn 6. júní.

Nemendur mæta í heimastofur og halda þaðan á sal skólans. Þar mun skólastjóri spjalla við nemendur ásamt því að flutt verða tónlistaratriði.

Að því loknu halda nemendur aftur í heimastofur og fá þar vitnisburð sinn.

Nemendur í 1.-4. bekk mæta kl. 9:00.

Nemendur í 5.-7. bekk mæta kl. 10:00.

Nemendur í 8.-9. bekk mæta kl. 10:30.

Skólaslit hjá 10. bekk eru kl. 12:00.

Foreldradagur Sveigjanlegt skólastarf

Skipulagsdagur er föstudaginn 25. maí. Heilsdags-skólinn er opin þann dag. Ganga þarf frá skráningu og greiðslu í síðasta lagi í hádegi fimmtudaginn 24. maí.

Mánudaginn 4. júní er sveigjanlegt skólastarf í Áslandsskóla. Þann dag verða allir í skólanum frá kl. 8:10—12:00.

Heilsdagsskólinn verður opin þann dag frá kl. 12:00 fyrir þá sem eiga þar dvöl.

Þriðjudaginn 5. júní er foreldradagur í Áslandsskóla.

Skólinn hefur haldið í þessa hefð frá árinu 2003 og er megintilgangurinn að skila nemendum inn í sumarið með upplýsingar um atriði sem hægt væri að þjálfa yfir sumarvikurnar og hvað hefur gengið vel á skólaárinu. Þennan dag mæta nemendur ásamt forráðamönnum til viðtals hjá umsjónarkennara, aðrir kennarar verða og til viðtals sé þess óskað.

Síðasti dagur mataráskriftar er fimmtudaginn 31. maí, eftir þann tíma koma nemendur með nesti í skólann til að nærast.

Skólabyrjun haust 2007

Undirbúningur fyrir skólaárið **2007-2008** er nú í fullum gangi, meðan skólaárið 2006-2007 rennur sitt skeið á enda.

Kennarar mæta til starfa **15. ágúst** að loknu sumarleyfi en aðrir starfsmenn örlítið áður.

Skólaásetning verður **miðvikudaginn 22. ágúst** og verður hún auglýst nánar í bæjarblöðum og á vefsetri skólans þegar nær dregur.

Breytingar á starfsliði skólaárið 2007-2008

Einhverjar breytingar verða á starfsliði Áslandsskóla á komandi hausti.

Hálfdan Þorsteinsson fer í ársleyfi meðan hann reynir fyrir sér sem deildarstjóri unglíngadeildar Setbergs-skóla.

Ásta Stefanía Svavarsdóttir verður í barnsburðarleyfi á næsta skólaári.

Katrín Jóna Svavarsdóttir, Sóley Einarsdóttir, Elsa Ísfold Arnórsdóttir og Margrét B. Gunnarsdóttir láta einnig af störfum.

Nýir kennarar hafa verið ráðnir.

Hulda Bjarnadóttir kemur í sérkennsluna og **Anna Kristín Jóhannsdóttir** og **Jónína Dögg Loftsdóttir** koma inn í verðandi 2. bekk.

Enn er auglýst eftir íþróttakennara, almennri kennslu í miðdeild og stærðfræðikennslu í unglíngadeild.

**MUNIÐ AÐ KÍKJA EFTIR
ÓSKILAMUNUM Á
FORELDRADAGINN
ÞRIÐJUDAGINN 5. JÚNÍ**

Foreldraverðlaunin

Foreldraverðlaun Heimilis og Skóla voru afhend í 12 sinn á dögnum.

Foreldraverðlaunin hafa unnið sér fastan sess í samfélaginu og vekja athygli á þeim mörgu verkefnum sem efla starf grunnskólanna og öflugt og jákvætt samstarf heimila, skóla sveitarfélaga og samfélagsins alls.

Aðalmarkmiðið með veitingu Foreldraverðlaunanna er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er á fjölmörgum sviðum í grunnskólum landsins. Við veitingu verðlaunanna er sérstaklega litið til verkefna sem hafa eflt samstarf foreldra og skólustarfsmanna og komið á uppbyggjandi hefðum í samstarfi þessara aðila.

Morgunstundir Áslandsskóla voru tilnefndar til verðlaunanna í ár og fengu viðurkenningu. Þá fékk Jenný Berglind Rúnarsdóttir enskukennari við Áslandsskóla viðurkenningu fyrir verkefnið Travel Buddy eða Ferðafélaginn.

Þetta er í þriðja skiptið á fjórum árum sem Áslandsskóli er tilnefndur til Foreldraverðlauna Heimilis og Skóla.

Íþróttahús

Á aðalfundi foreldrafélagsins á dögnum fjallaði Gunnar Svavarsson forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um möguleika á byggingu íþróttahúss við Áslandsskóla.

Fræddi Gunnar fundargesti um að skipuð yrði nefnd til að fara yfir stöðuna og undirbúa byggingu slíks húss.

Í nefndinni sitja Leifur S. Garðarsson skólastjóri, Magnús Baldursson fræðslustjóri og Sigurður Haraldsson frá Fasteignafélagi Hafnarfjarðar.

Fyrsti fundur nefndarinnar var föstudaginn 18. maí og má búast við því að hún vinni hratt og örugglega.

Í upplegginu er verið að huga að íþróttasal og fáeinum kennslustofum í sömu byggingu, ekki ósvipað og gert var við Setbergsskóla. Ekki er þó hægt að fjölýrða meira um málið að svo stöddu því nefndarstörf eru rétt farin af stað.

Vorferð Trölllaheima / heilsdagsskólans

Miðvikudaginn 23. maí verður farið í vorferðalag í Kaldársel. Við höfum húsnaði KFUM og KFUK til afnota en auðvitað erum við búin að panta gott veður og ætlum að vera sem mest úti. Við ætlum að leika okkur, skoða náttúruna, sulla í vatninu og grilla pylsur.

Lagt verður af stað frá Áslandsskóla kl. 13:15 og komið til baka kl. 16:00. Þeir nemendur sem eiga að vera lengur en til 13:10 í kennslu þennan dag fá leyfi.

Allir sem eiga skráða viðveru í Trölllaheimum eru velkomnir með óháð viðverutíma þennan dag. Þeir sem ætla ekki með eru vinsamlegast beðnir um að láta vita á skrifstofu skólans í síðasta lagi klukkan 12, þriðjudaginn 22. maí.

Vinsamlegast búið börnin vel, gott er að hafa sér tösku/poka með aukafötum, sérstaklega sokka, stígvél og regnföt. Veðráttan á Íslandi er síbreytileg, þó að sólin skíni á morgni er eins víst að eftir hádegi verði rok og rigning. Krakkarnir mega hafa með sér háfa, fötur, stækkunargler og fl. Vinsamlegast merkið allt vel.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÖÐINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri